

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir loðnuafurðir framleiddar á tímabilinu frá upphafi haustvertíðar 1983 til loka vetrarvertíðar 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóð, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir loðnuafurðir framleiddar á tímabilinu frá upphafi haustvertíðar 1983 til loka vetrarvertíðar 1984:

Loðnumjöl, \$ 8,00 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 445,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 5% fyrir mjölið en 10% fyrir lýsið og miðast í báðum tilvikum eingöngu við verðhækkun.

Greiðslur í sjóðinn skulu nema 50% af verðhækkun að teknu tilliti til verðbils en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðlækkun án verðbils.

Verðið miðast við cif og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við norðurbrún Strandgötu frá húsi nr. 9 og austur að mótum Glerárgötu og Strandgötu.
2. Tvístefnuakstur verður á Skólastíg frá Hrafnagilsstræti og að Laugargötu. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar á Skólastíg við norður- og vesturbrún götunnar. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 14. nóvember 1983.

Elías I. Elíasson.